

Tollstjóri

7. September 2011.

Minnisblað

Efni: Niðurfelling tolls og vörugjalda af afspilunartækjum

Viðtakandi: Fjármálaráðuneyti: Maríanna Jónasdóttir og Ögmundur Hrafn Magnússon

Sendandi: Hörður Davíð Harðarson og Jóhanna Guðbjartsdóttir yfirtollverðir

Vegna fundar hjá Efnahags- og skattanefnd þ. 6. sept. 2011 teljum við rétt að eftirfarandi athugasemdir og tillögur komi fram. Við erum ekki viss um að allt hafi komist til skila, þar sem umræðan var um margs konar skattlagningu listamanna o.fl.

Tollskrárnúmerið 8519.8100:

Það þarf að koma skýrt fram að einungis lítil hluti þeirra tækja sem tollflokkast í þetta númer nýtast til að komast á netið og nýta nýja tækni í margmiðlun. Þarna flokkast fyrst og fremst ferðageislaspilarar, mp3 spilarar og elstu gerðir af Ipod svo og smæstu tækin af ipod gerð, t.d. ipod shuffle og sambærileg tæki. Þær hugmyndir sem nefndin hefur um að samræma gjöld á tækjum sem hafa eiginleika tölvu eiga því ekki við þessi tæki nema að mjög litlu leyti. Sams konar tæki og áður eru nefnd og eru jafnframt með skjá færast yfir í tollskrárnúmer 8521. Sé það hinsvegar vilji nefndarinnar að gjöld af þessum vörum verði felld niður leggjum við til að númerin verði þrengd með þessum breytingum til að mismuna vörum ekki. Gæti númerin þá hugsanlega litið svona út:

8519.8101 Sem nota segul-,ljós-eða hálfleiðaramiðlara , geta gengið án ytri orkugjafa og tengjanleg eru við gagnavinnsluvélur

8519.8109 Önnur

8519.8901 Sem eru með innbyggðri geymslueiningu , geta gengið án ytri orkugjafa og tengjanleg eru við gagnavinnsluvélur

8519.8909 Önnur

Tollskrárnúmerið 8521.9029:

Verði gjöld felld niður af þessu tollskrárnúmeri, falla jafnframt niður gjöld af t.d. dýrari DVD- og Blue ray spilurum með upptökumöguleikum og sjónvarpsflökkurum. Mögulegt er að þrengja flokkunina með því að búa til nýtt númer fyrir þær vörur , sem vilji nefndarinnar stendur til að lækka gjöld af. Gæti númerið hugsanlega litið svona út:

8521.9023 Tæki sem geta gengið án ytri orkugjafa og tengjanleg eru þráðlaust við netkerfi.

Tollskrárnúmerið 8543.7001:

Þetta tollskrárnúmer er safnnúmer yfir ýmis raftæki til heimilisnota sem ekki flokkast annars staðar. Ásamt tækjum til lesturs rafbóka flokkast ýmiss konar tæki í þetta númer, má þar t.d. nefna: rafsígarettur, loftnetsmagnara og infrarauðar fjarstýringar. Myndu gjöld þá jafnframt falla niður af þessum tækjum. Teljum við því heppilegast að búið verði til ný skipting þar sem lestrartæki fyrir rafbækur fá sér númer. Þannig er unnt að samræma gjöld á þeim gjöldum á fartölvum og lpad. Gæti númerið hugsanlega litið svona út:

8543.7003 Tæki til lesturs rafbóka, sem geta gengið án ytri orkugjafa og tengjanleg eru þráðlaust við netkerfi.

Við teljum rétt að þessum upplýsingum sé komið til formanns nefndarinnar, hafi þær upplýsingar, sem við komum með á áður nefndan fund, ekki verið nógu skýrar. Jafnframt ítrekum við það sem kom fram á fundi okkar að miklar breytingar verða á tollskránni 1. jan. 2012 og því best fyrir alla aðila að þessar breytingar gerist samhliða. . Annars kostar þetta breytingar á öllum tölvukerfum hjá okkur og síðan ekki síst breytingar og uppfærslur hjá öllum fyrirtækjum sem gera tollskýrslur og síðan breytingar aftur í janúar. Allar breytingar á hugbúnaði eru mjög dýrar og það mun valda ónægju hjá mörgum innflytjendum og tollmiðlurum vegna kostnaðar auk þess sem Hagstofan hefur ítrekað að hún vilji að allar breytingar á tollflokkun vöru taki gildi um áramót.

Breytingartillaga

um breyting á viðauka I við tollalög nr. 88/2005.

1. gr.

3. gr. frumvarpsins verður svohljóðandi: Eftirfarandi tollskrárnúmer bætast við E-lið viðauka I við lög: 8519.8190 og 8519.8990

2. gr.

4. gr. frumvarpsins orðist svo:
Eftirfarandi breytingar verði á tollskrá í Viðauka I við tollalög nr. 88/2005:

	A	E
	%	%
a) Í stað tollskrárnúmeranna 8519.8100 og 8519.8900 í 85. kafla komi fjögur ný tollskrárnúmer ásamt fyrirsögnum og tolltöxtum og verði svohljóðandi:		
--- Sem nota segul-,ljós-eða hálf leiðaramiðlara:		
8519.8110 ---- Sem geta gengið án ytri orkugjafa og tengjanleg eru við gagnavinnsluvélar.....	0	
8519.8190 ---- Önnur.....	7,5	0
--- Annars		
8519.8910 ---- Sem eru með innbyggðri geymslueiningu, geta gengið án ytri orkugjafa og tengjanleg eru við gagnavinnsluvélar.....	0	
8519.8990 ---- Önnur.....	7,5	0
b) Í 85. kafla tollskrár í vöruliðnum 8521 bætist við nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi:		
8521.9023 ---- Tæki sem geta gengið án ytri orkugjafa og tengjanleg eru þráðlaust við netkerfi.....	0	
c) Í 85. kafla tollskrár í vöruliðnum 8543 bætist við nýtt tollskrárnúmer og tolltaxti, svohljóðandi:		
8543.7003 --- Tæki til lesturs rafbóka, sem geta gengið án ytri orkugjafa og tengjanleg eru þráðlaust við netkerfi	0	